

Að öllu þessu athuguðu og virtu og með vísan til 67. gr., 1. mgr., 1. tölul., laga 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Má Kjartanssyni í þágu rannsóknar þessa máls að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega þykir ákveðið allt að 7 dögum frá kl. 1900 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Már Kjartansson, fæddur 13. júlí 1950, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum frá kl. 1900 föstudaginn 10. júní 1983 að telja.

Mánudaginn 27. júní 1983.

Nr. 123/1983. **Valdstjórnin**

gegn

Guðmundi Þór Guðmundssyni

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting felld niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Með kæru 16. júní 1983, er barst Hæstarétti sama dag, hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði fellur úr gildi svo og ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Eigi hefur borist greinargerð né kröfur frá ríkissaksóknara.

Rannsóknargögn fela eigi í sér könnun á því, hversu traust sú aðferð sé, sem lögreglumenn beittu til að mæla ökuhraða varnaraðilja, bæði almennt og svo sem hér stóð á. Að svo vöxnu máli var eigi fullnægjandi grundvöllur til að svipta varnaraðilja ökuleyfi til bráðabirgða, svo sem lögreglustjórnin í Reykjavík gerði hinn 19. apríl 1983. Ber því að fella úr gildi hinn kærða úrskurð svo og fram-

angreinda ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuleyfis varnaraðilja til bráðabirgða.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og framan­greind ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um að svipta varnaraðilja ökuleyfi til bráðabirgða.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. júní 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 15. júní, er úrskurður þessi kveðinn upp á dóm­þingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Helga I. Jóns­yni fulltrúa.

Guðmundur Þór Guðmundsson, Skaftahlíð 8, fæddur 13. mars 1962, hefur í dag krafist þess, að bráðabirgðasvipting ökuleyfis, er lögreglustjór­inn í Reykjavík ákvað 19. apríl sl. og birt var Guðmundi 1. þ. m., verði felld úr gildi. Dómaranum bárust gögn máls þess í hendur 6. þ. m.

Í skriflegri ákvörðun lögreglustjórans um sviptinguna segir, að Guð­mundi sé gefið að sök, að hann hafi ekið bifreiðinni G 16065 með 129 km/ klst hraða „á mældum vegarkaf­la austur Miklubraut“ þann 25. mars 1983. Kæran er studd skýrslum tveggja lögreglumanna. Samkvæmt gögnum máls­ins var bifreiðin R 42500 mæld í sama skipti á sama hraða og bifreiðin G 16065, og var síðarnefndu bifreiðinni ekið á vinstri akrein fast á eftir R 42506. Máli ökumanns bifreiðarinnar R 42506 var þann 4. maí sl. lokið hér í dóminum með dómssátt gegn 5.000.00 króna sektargreiðslu og öku­leyfissviptingu í 3 mánuði.

Samkvæmt sakavottorði kærða sættist hann í sakadómi Reykjavíkur hinn 28. júlí 1981 á greiðslu 1.000.00 króna sektar og að vera sviptur öku­leyfi 1 mánuð frá 17. júlí 1981 fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 varðar mjög víta­verður akstur sviptingu réttar til að stýra vélknúnu ökutæki. Samkvæmt 6. mgr. sömu greinar skal lögreglustjóri svipta mann leyfi til bráðabirgða, ef hann telur hann hafa unnið til sviptingar. Með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið rakið, verður krafa um, að bráðabirgðasviptingin verði úr gildi felld, því eigi tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um, að Guðmundur Þór Guðmundsson verði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, verður eigi hnekt.